


MIÐFJARÐARÁ 1994

Tumi Tómasson

Hólum, Desember 1994

VMST/N-95001



Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild
Fiskeldi - Fiskrækt - Rannsóknir - Ráðgjöf

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 95-36599
Fax: 95-36672

MIDFJARÐARÁ 1994

INNGANGUR

Sumarið 1994 voru seiðastofnar Miðfjarðarár kannaðir með rafveiðum líkt og gert hefur verið allt frá árinu 1994. Reglulega er fylgst með ástandi seiðastofna á laxgengum svæðum og þá er veitt á því sem næst sömu stöðum ár hvert til að fá sem samanburðarhæfust gögn.

Smáseiðasleppingar hafa verið snar þáttur í ræktunarstarfi Veiðifélags Miðfirðinga allt frá árinu 1981 og laxar upprunnir úr þessum sleppingum fóru fyrst að veiðast sumarið 1985. Áhersla hefur verið lögð á að fylgjast vel með afdrifum sleppiseiða til að bæta árangur seiðasleppinga. Í því skini hefur verið rafveitt á ólaxgengum svæðum en það fer mikið eftir því hvar og hvenær er sleppt hvar rafveitt er hverju sinni. Mikilvægustu upplýsingarnar um árangur smáseiðasleppinga hafa þó fengist með merkingum og gildruveiðum í Núpsá frá árinu 1987.

Lýsingu á ánni og þróun á ástandi seiðastofna áránnar er að finna í skýrslu sem send var veiðifélaginu í desember 1993. Þótt enn eigi eftir að færa þá skýrslu í endanlegan búning verður ekki hér endurtekið það sem þar stendur, heldur einungis fjallað um ástandið eins og það var sumarið 1994.

VEIÐIN 1994

Veiði hófst um viku seinna en venjulega og framan af voru allar stangir ekki fullnýttar. Veiðin byrjaði þó vel og laxarnir sem veiddust voru með allra vænsta móti. Fljótlega dró þó mjög úr veiðinni þótt einstaka holl kæmu sæmilega út. Smálaxinn var seint á ferðinni og hann var óvenju smár í þokkabót. Þegar upp var staðið varð heildarveiðin einungis 670 laxar sem er tæplega helmingur af meðalveiði síðustu tuttugu ára (meðalveiði áranna 1974-1993 voru 1382 laxar skv. skýrslum Veiðimálastofnunar). Á þessu tímabili varð veiðin einungis lakari í eitt skipti, en það var árið 1984 þegar ekki veiddust nema 583 laxar.

Af 670 löxum sem veiddust í stangveiðinni 1994 voru 400 smálaxar og 270 laxar sem voru að ganga eftir tveggja ára dvöl í sjó. Veiðin skiptist þannig milli áa:

	Smálax	Stórlax	Samtals
Austurá	157	114	261
Núpsá	33	13	46
Vesturá	129	112	241
Miðfjarðará	81	31	112
Samtals	400	270	670

Tiltölulega góð veiði í Austurá skýrist bæði af því að mikið af Núpsárlaxinum veiðist fyrir neðan ármót Núpsár, en veiði á kaflanum niður að ármótum Vesturár skráist á Austurá. Eins hefur svæðið fyrir framan Kambsfoss gefið tiltölulega vel.

Sé litið á þróun veiðinnar síðustu tvo áratugina kemur í ljós að allt frá 1980 hefur hlutfall stórlaxa í veiðinni verið mjög lágt í árgöngum sem hafa skilað góðri smálaxaveiði. Þetta er einkum áberandi fyrir gönguseiðaárganga sem fóru út á árunum 1990-92 (Mynd 1), þegar stórlaxaveiðin varð einungis um þriðjungur þess sem gert var ráð fyrir. Árgangar sem hafa skilað fáum smálöxum (<600) hafa hinsvegar ávalt skilað tiltölulega háu hlutfalli stórlaxa ári síðar. Þetta á einkum við um árgangana sem fóru út köldu sumrin 1979 og 1983 en þeir skiluðu fæstum smálöxum og stórlöxum á þessu tímabili. Þá veiddust 1.5-1.6 stórlaxar á móti hverjum smálaxi.

Sumurin 1979 og 1983 voru óvenju köld rétt eins og sumarið 1993 og þá var smálaxinn einnig mjög rýr. Það má því gera ráð fyrir að tiltölulega stór hluti gönguseiðaárgangsins sem fór út 1993 skili sér sem stórlax sumarið 1995.

Stórlaxaveiðin 1994 olli miklum vonbrigðum, en það bætti þó úr skák að stórlaxinn var mun vænni en menn eiga að venjast í Miðfjarðará. Meðalþyngd veiddra stórlaxa var rúm 6.2 kg, tæpu pundi meiri en meðalþyngd stórlaxa sem veiddust 1987, en þá veiddust í Miðfirði stærstu stórlaxarnir á tuttugu ára tímabili fyrir 1994. Til samanburðar má geta þess að meðalþyngd stórlaxa á þessu tímabili varð lægst úr gönguseiðaárgöngunum 1981-83, 4.9 kg.

Vænn stórlax nú, í Miðfirði sem og í öðrum ám á norðurlandi, bendir til batnandi skilyrða á fæðuslóðum laxins í hafinu, sem ætti að skila sér í betri heimtum og auknu hlutfalli stórlaxa.

ÁRANGUR GÖNGUSEIÐASLEPPINGA

Gönguseiðasleppingar hafa verið snar þáttur í ræktunarstarfi Veiðifélags Miðfirðinga í rúman áratug. Fyrst var sleppt gönguseiðum frá Hólalax hf 1982, og frá árinu 1983 hafa flest gönguseiði verið örmerkt.

Árangur hefur verið nokkuð misjafn, frá 0.2% heimtum í stangveiði úr sleppingunum 1983 upp í 3.4% úr sleppingunum 1987. Oftast hafa heimtur verið á bilinu 1-2% á þessum tíma og 5-10000 seiðum sleppt. Framlag laxa úr gönguseiðasleppingum hefur því oft verið töluvert og var á bilinu 100-200 laxar í veiðinni árin 1990-1993.

Sumarið 1994 voru lesin merki úr 29 smálöxum og 17 stórlöxum úr gönguseiðasleppingum í Miðfjarðará (Tafla 1). Að auki voru tvö merki ólæsileg og merki fundust ekki í tveimur veiðiuggaklipptum smálöxum. Það má því gera ráð fyrir að heildarheimtur í stangveiði séu um 10% hærri en merkjalestur gefur til kynna.

Heildarheimtur úr gönguseiðasleppingum 1993 urðu 0.5%, en villt seiði úr Núpsá skiluðu 1.0% heimtum á sama tíma. Heimtur náttúrulegra seiða eru heldur í lægri kantinum miðað við fyrri ár og heimtur eldisgönguseiða mun lægri. Það má þó gera ráð fyrir að útkoman batni mikið þegar stórlaxar úr þessum sleppingum hafa skilað sér 1995.

Allir smálaxarnir utan einn úr gönguseiðasleppingunum 1993 voru hængar og flestir voru þeir mjög smáir. Meðalþyngd þeirra var 2.2 kg, og hefur meðalþyngd endurheimtra smálaxahænga úr gönguseiðasleppingum í Miðfirði einungis einu sinni verið lægri en það var úr sleppingunum 1983 (1.9 kg). Þyngstu smálaxahængarnir komu úr gönguseiðasleppingunum 1987, 3.3 kg. Það er greinilegt samband milli meðalþyngdar veiddra smálaxahænga og hlutfalls smálaxa og stórlaxa ári síðar. Þannig gaf sleppingin 1983 tæplega 80% stórlaxa, en þegar meðalþyngd smálaxahænga hefur verið yfir 3.0 kg hefur hlutfall stórlaxa í heimtum verið á bilinu 10-20%. Gera má ráð fyrir að um tvisvar sinnum fleiri stórlaxar en smálaxar skili sér úr sleppingunum 1993 og að heildarheimtur úr þessum sleppingum muni því ná 1.5%.

Dreifing smálaxa í veiðinni fór að verulegu leiti eftir sleppistað. Þannig veiddust 11 af 12 stangveiddum löxum löxum úr sleppingunni í Vesturá í þeirri á og sleppingin í ósinn skilaði fyrst og fremst veiði í Miðfjarðará. Af 11 smálöxum sem veiddust úr sleppingunni í Núpsá veiddust hinsvegar einungis þrír í Núpsá, en hinir allir neðar í árkerfinu, þar af tveir neðarlega í Vesturá. Af smálöxum sem skiluðu sér af merktum villtum seiðum í Núpsá veiddist þriðjungurinn (6) í Núpsá en hinir allir neðar í árkerfinu.

Dreifing tveggja ára laxa úr sjó (stórlaxa) í veiðinni fylgir sama mynstir og dreifing smálaxanna.

ÁSTAND SEIÐASTOFNA

Seiðastofnar Miðfjarðarár og hliðaráa hennar voru kannaðir með rafveiðum 21-25/7 1994. Alls var rafveitt á 44 stöðum á laxgengum og ólaxgengum svæðum (Mynd 2). Allur afli var lengdarmældur og sýni til aldursgreininga voru tekin úr hluta aflans til að styrkja aldursgreiningu sem byggir á lengdardreifingu.

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 2 og í Mynd 3. Hér að neðan verður gerð nánari grein fyrir ástandi seiðastofna í hverri á.

Austurá

Ólaxgeng svæði og smáseiðasleppingar: Árið 1991 var Kambsfoss gerður laxgengur. Þar með opnaðist rúmlega 10 km kafla fram að Valsfossi sem áður var nýttur með smáseiðasleppingum. Síðast var sleppt þar sumaröldum seiðum 1992, og þá aðeins á um 1 km kafla fyrir neðan Valsfoss. Sama dag var einnig sleppt fyrir framan Valsfoss og um 1 km fram fyrir næsta foss þar fyrir ofan. Alls var

sleppt á um 6 km kafla, líklega 15-20 000 seiðum. Rafveiðarnar 1993 bentu til að sleppingin hefði heppnast mjög vel. Seiðin voru mjög væn og þau munu langflest hafa gengið til sjávar sumarið 1994, en þeirra varð ekki vart í rafveiðunum þá fyrir utan eitt stórt seiði í göngubúningi sem veiddist á stað 3. Gönguseiðaframleiðsla af ólaxgengum svæðum Austurár hefur því að líkindum orðið mjög góð sumarið 1994, en nú er þetta svæði hinsvegar nánast seiðalaust.

Sumarið 1993 var sleppt 6000 smáseiðum í Þorvaldsá sem fellur í Austurá um 1 km fyrir neðan Valsfoss. Í rafveiðunum 1994 var rafveitt á tveimur stöðum í ánni, 50 m kafla á hvorum stað. Á neðri staðnum, um 300 m fyrir ofan ármótin, voru seiðin bæði mun stærri og betur á sig komin en á efri staðnum og líklegt að einhver hafi þá þegar verið gengin út. Heldur fleiri seiði veiddust á efri staðnum sem er um 1.5-2 km ofar, rétt fyrir neðan heiðargirðinguna, en þau voru bæði smærri og ekki eins holdug og seiðin á neðri staðnum. Að auki var hreisturslos mjög áberandi á þessum seiðum, en áin er mjög grýtt og var mjög vatnslítil sumarið 1994. Gera má ráð fyrir að flest seiðanna gangi út sumarið 1995 en það er spurning hver áhrif hreisturlos hefur á afkomu þeirra. Það er þó ljóst að það mun draga verulega úr gönguseiðaframleiðslu af ólaxgengum svæðum Austurár 1995 og hún verður nánast engin sumarið 1996 nema þá ef óvenju stór seiði fáist til sleppinga sumarið 1995.

Svæðið frá Valsfossi að Kambsfossi: Rafveiðar benda til að hrygning hafi einungis tekist á tiltölulega litlum kafla á svæðinu fyrir framan Kambsfoss haustið 1991, þ.e. fyrir neðan beygjuna sem er um 1.5 km fyrir neðan Valsfoss (St 4), þar sem áin kemur út úr giliinu. Neðst í giliinu er lítil foss-flúð sem er gönguhindrun fyrir seiði og varnar því að seiði neðan að geti numið land þar fyrir framan. Uppeldisskilyrði á þessu svæði fram að Valsfossi eru hinsvegar mjög góð.

Í rafveiðunum 1994 veiddust seiði úr fyrstu hrygningunni á svæðinu aðallega á rafveiðistað 4, neðst í beygjunni, en lítilsháttar veiddist einnig um 1.5 km neðar (St 4a) og þeirra varð einnig vart við Aðalból (St 5). Þessi árgangur hefur því aðeins nýtt að litlu leiti uppeldisskilyrði á svæðinu milli Kambsfoss og Valsfoss. Seiðin voru hinsvegar mjög væn og munu öll ná göngubroska sumarið 1995. Að líkindum mun árgangurinn skila um 1-2000 3+ gönguseiðum næsta sumar.

Útbreiðsla árgangs úr hrygningu 1992 (1+ sumarið 1994) er mun betri, og sá árgangur fannst í góðu magni alls staðar ef undan er skilinn efsti kaflinn. Þar virðist klak hafa tekist illa þótt seiða af þessum árgangi hafi rétt aðeins orðið vart á stöðum 3 og 4 (Mynd 3). Það má gera ráð fyrir að þessi árgangur eigi eftir að nema land upp að foss-flúðinni efst í beygjunni, en efstu 1.5 km munu nýtast þessum árgangi í óverulegum mæli.

Seiðin úr hrygningu 1992 voru mjög stór og væn miðað við aldur og veiðitíma. Það má því gera ráð fyrir að hluti þessa árgangs gangi til sjávar næsta sumar, þá sem 2+, verði hitafar vorið og sumarið 1995 í meðallagi eða betra. Meirihluti árgangsins ætti þó að ná göngubroska sem 3+ og sumarið 1996 ætti gönguseiðaframleiðsla svæðisins því að geta orðið mjög góð.

Rafveitt var frekar snemma sumarið 1994 og á þessum tíma voru vorgömul seiði enn mjög smá og lítið farin að dreifast um svæðið. Veiðni þeirra er því lítil og þau nást einungis ef rafveitt er mjög nálægt hrygningarstöðum. Í góðu sumri, eins og var 1994, má þó gera ráð fyrir að lífslíkur þeirra seiða sem koma upp úr mölinni séu góðar.

Mest veiddist af 0+ seiðum á stað 3 og er þetta í fyrsta skipti sem svæðið fyrir neðan Valsfoss, þar sem uppeldisskilyrði eru best á millifossasvæðinu, virðist ætla að ná góðri nýtingu síðan hætt var að sleppa þar seiðum.

Svæðið frá Kambsfossi að ármótum Núpsár: Ástand seiðastofnsins í gílinu virðist nú vera betra en verið hefur um árábil. Einkum veiddist mikið af 1+ seiðum og seiðin voru óvenju væn. Búast má við að hluti þessa árgangs geti náð göngugroska sumarið 1995 verði árferði gott. Fjöldi 2+ seiða var einnig meiri en á undanförunum árum og því eru líkur til að gönguseiðaframleiðsla af svæðinu fari vaxandi næstu tvö árin. Þó ber að hafa í huga að í gílinu verða oft slæmir ruðningar að vetrinum sem geta haft mikil áhrif á framgang mála.

Á eyrunum (St 10) varð hinsvegar vart við mun færri seiði nú en 1993. Líkur eru til að gönguseiðaframleiðsla þar hafi orðið góð 1994, en að verulega dragi úr henni aftur sumarið 1995. Rafveiðar í aðalánni fyrir neðan ármót gefa ekki tilefni til að ætla að landnám seiða þaðan verði umtalsvert. Nánar er gerð grein fyrir niðurstöðum rafveiða þar í kaflanum um Miðfjarðará.

Austurá - Yfirlit

Ólaxgeng svæði Austurár bjóða upp á mjög góð uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði og gönguseiðaframleiðsla virðist hafa verið góð sumarið 1994. Vegna mjög takmarkaðra sleppinga á þessi svæði síðustu tvö árin má gera ráð fyrir lítilli framleiðslu næstu sumur. Á móti kemur þó að svæðið milli fossa skilar fyrstu gönguseiðunum úr náttúruklaki sumarið 1995 og sú framleiðsla mun aukast verulega 1996. Þó er ráðlegt að nýta þá möguleika sem felast í ólaxgengum svæðum betur en gert hefur verið, enda má glöggst sjá árangur smáseiðasleppinga á veiðinni fyrir framan Kambsfoss árin 1992-94. Verði áframhaldandi misbrestur á að eldisstöð Hólalax geti skilað seiðum til sleppinga legg ég eindregið til að næsta haust verði gripið til hrognagraftrar og/eða flutningi á klakfiski fram fyrir heiðargirðingu. Gröftur frjóvgaðra hroгна hefur áður verið reyndur í Miðfirði og gefist vel.

Ástand seiðastofna í gílinu fyrir neðan Kambsfoss fer batnandi og má gera ráð fyrir að gönguseiðaframleiðsla á svæðinu hafi aukist nokkuð milli ára og muni enn aukast næstu tvö sumur komi ekkert óvænt uppá.

Gera má ráð fyrir að gönguseiðaframleiðsla á svæðinu fyrir neðan gilið hafi orðið góð sumarið 1994, en þar mun aftur draga verulega úr framleiðslu næsta sumar.

Núpsá

Þótt Núpsá sé laxgeng fram að Fremri Fosskotsfossi hrygnir lax sjaldan fyrir framan Ytri Fosskotsfoss. Á undanfórnum árum hefur reyndar sjaldan orðið vart hrygningar fyrir framan Núpseyrarnar. Þetta má að líkindum rekja til kaldra og/eða vatnslfilla sumra í seinni tíð.

Svæðið milli fossa hefur verið nýtt með sleppingum smáseiða, oftast annað hvert ár, en hitt árið hefur verið sleppt þar fyrir framan, allt fram fyrir Útsuðurkvísl. Urriði úr Kvíslarvötnum hrygnir í efsta hluta Núpsár, og þar er yfirleitt ekki sleppt laxaseiðum.

Sumarið 1993 var sleppt 5000 seiðum á svæðið fyrir framan Fremri Fosskotsfoss, en sumarið 1994 var engu sleppt vegna áfalla í eldisstöð. Öll laxaseiði sem veiddust fyrir framan Fremri Fosskotsfoss voru úr sleppingu 1993 (Staðir 1-4). Seiðin voru áberandi minnst og fremur rýr á fremsta staðnum, enda í töluverðri samkeppni við urriða þar. Neðar voru seiði mjög væn og sum hver björt og greinilega að ná göngubroska. Þéttleiki seiða á þessu svæði var fremur lágur samanborið við oft áður, sem má rekja til að töluverður hluti sleppingarinnar gekk til sjávar sumarið 1994, þá sem 1+. Á kaflanum milli Fosskotsfossa veiddust einungis kynþroska seiðahængir, seiði sem hafa tekið ákvörðun um að verða eftir í ánni og taka þátt í hrygningu fremur en að ganga til sjávar. Þau voru hvergi í miklu magni og ljóst að langstærsti hluti þeirra gekk út fyrir um sumarið.

Alls veiddust í gönguseiðagildruna 1230 seiði sumarið 1994. Þetta er heldur minna en á undanfórnum árum og margt bendir til að gildran hafi veitt tiltölulega illa. Af seiðunum sem veiddust voru 46% upprunnin úr smáseiðasleppingum, 22% voru 2+, úr sleppingu á millifossasvæðið 1992 og 24% voru 1+ og 3+, úr sleppingum á svæðið fyrir framan Fremri Fosskotsfoss 1991 og 1993. Líklega var mikill meirihluti þeirra 1+. Þetta er mjög hátt hlutfall seiða úr smáseiðasleppingum sem skýrist helst á því hve hátt hlutfall sleppingarinnar frá 1993 náði göngubroska á einu ári, því rafveiðarnar 1993 og 1994 benda til að gönguseiðaframleiðsla á laxgengum svæðum hafi verið góð sumarið 1994.

Á kaflanum frá Ytra Fosskotsfossi og niður fyrir Núp bar mikið á 2+ seiðum í rafveiðunum 1994, en neðar, frá Núpsfossum, voru 1+ seiði ríkjandi nema neðst í ánni þar sem uppistaðan af seiðunum eru ættuð neðan að. Það lítur því út fyrir að gönguseiðaframleiðsla verði góð á efri hluta þessa svæðis sumarið 1995, en frekar rýr á neðri helmingi þess. Þéttleiki og útbreiðsla 1+ seiða gefur tilefni til að ætla að gönguseiðaframleiðsla gæti batnað aftur og orðið jafnari um ána sumarið 1996, en lítil hluti þessa árgangs gæti jafnvel gengið út sumarið 1995, en það er þó mjög háð árferði.

Núpsá - Yfirlit

Smáseiðasleppingar milli Fosskotsfossa og fyrir framan Fremri Fosskotsfoss eru mjög mikilvægar fyrir gönguseiðaframleiðslu Núpsár, einkum þegar stór hluti

sleppinganna nær göngubroska eftir fyrsta veturinn í ánni eins og gerist þegar vænum seiðum er sleppt og sumarið er gott. Líkur eru á að gönguseiðaframleiðsla Núpsár hafi verið mjög góð sumarið 1994 þótt veiðar í seiðagildruna hafi verið í lægri kantinum.

Útlit er fyrir minnkandi, en þó góða, gönguseiðaframleiðslu 1995, og að framleiðsla laxgenga hlutans muni aukast aftur 1996, þótt þar geti visslega margir þættir haft áhrif sem ekki er hægt að sjá fyrir. Verulega mun draga úr framlagi smáseiðasleppinga til gönguseiðaframleiðslu næstu 1-2 árin vegna þess að engu var sleppt 1994 og tiltölulega stór hluti sleppingarinnar frá 1993 virðist hafa gengið til sjávar 1994.

Vesturá

Sumarið 1993 var gerð all ítarleg skoðun á uppeldisskilyrðum á ólaxgengum svæðum Vesturár, þ.e. fyrir framan Rjúkanda og í Lambá, en áður hafði í raun einungis Þverá verið skoðuð og þar var smáseiðum sleppt annað hvert ár á árunum 1986-92. Lagt var til að sleppa 8-12000 seiðum árlega á svæðið til að byrja með, en ekki var sleppt 1994 vegna skorts á seiðum. Seiði úr sleppingum í Þverá 1992 virðast almennt hafa náð göngubroska sumarið 1994 og nú fundust þar einungis kynþroska hængseiði í frekar litlu magni.

Í rafveiðunum 1994 voru 1+ laxaseiði ríkjandi á flestum stöðum, en einnig bar töluvert á 3+ (og jafnvel 4+) seiðum, yfir 9 cm löngum. Mjög lítið bar á 2+ seiðum, einkum framan til í ánni.

Seiði í Vesturá eru áberandi smærri miðað við jafn gömul seiði í hinum ánum og þau eru almennt 1-2 árum lengur að ná göngubroska. Þó virðist gönguseiðaaldur heldur fara lækkandi og einkum virðist hlutfall 5+ gönguseiða hafa lækkað, en svo gömul gönguseiði þekkjast vart í öðrum hlutum árkerfisins. Það ber jafnframt meira á kynþroska hængseiðum í Vesturá en kynþroskahlutfall hængseiða eykst almennt þegar vaxtarskilyrði rýrna. Samanburður við niðurstöður rafveiða 1993 bendir til að gönguseiðaframleiðsla Vesturár hafi verið mjög góð 1994 og útlit er fyrir áframhaldandi góða framleiðslu 1995. Meiri óvissa ríkir um framhaldið, en mikið ræðst af því hver vaxtarskilyrði klakárgangurinn frá 1993 (1+ 1994) fær, en þau munu að miklu leiti ráðast af því hve sterkir næstu árgangar verða.

Vorgömul seiði fundust all víða í rafveiðunum 1994 sem gæti bent til að sá árgangur verði stór eins og árgangurinn á undan. Sé svo eru líkur til að verulega gæti dregið úr gönguseiðaframleiðslu Vesturár 1996.

Vesturá - Yfirlit

Allt bendir til að gönguseiðaframleiðsla Vesturár hafi orðið mjög góð sumarið 1994 og líkur eru á áframhaldandi góðri framleiðslu næsta ár, en síðan gæti dregið verulega úr henni 1996. Því er mikilvægt að reyna að gera ráðstafanir til að mæta hugsanlegum samdrætti með sleppingu vel vænna smáseiða á ólaxgeng svæði

sumarið 1995. Slík slepping gæti skilað tiltölulega háu hlutfalli 1 + gönguseiða í meðal- eða góðu árferði, ekki síst vegna þess að þessi svæði eru nánast fisklaus.

Miðfjarðará

Þegar fjallað er um seiðastofna Miðfjarðarár er átt við aðalána frá ármótum Austurár og Núpsár. Jafnframt eru teknir með seiðastofnar Urriðaár og Steinstaðaár, en þessar ár fóstu báðar laxaseiði þótt sjaldgæft sé að í þeim veiðist lax. Yfirleitt virðast laxaseiði í Steinstaðaá vera úr klaki í ánni sjálfri, en slíkt er sjaldgæfara í Urriðaá, en þar er aðallega um að ræða að seiði gangi úr Miðfjarðará.

Á fremri hluta svæðisins voru 1 + seiði ríkjandi, ólíkt því sem var í rafveiðunum 1993 þegar mest veiddist af 2 + /3 + seiðum og þéttleiki seiða af þessum árgöngum var tiltölulega hár, sem skýrðist að miklu leyti af lítilli samkeppni frá yngri seiðum. Í athugun sem gerð var um miðjan júní kom í ljós að þessi seiði höfðu komið vel undan vetri og því er ljóst að gönguseiðaframleiðsla svæðisins frá ármótum Núpsár og Austurár og niður fyrir ármót Vesturár hefur orðið með besta móti sumarið 1994, eins og niðurstöður rafveiða 1993 bentu til.

Á grýtta kaflanum fyrir neðan Grjóthyl var, eins og oftast áður, að finna töluvert af vænum 2 + seiðum. Þessi seiði munu ganga til sjávar 1995 og útlit er fyrir að magn 1 + seiða sé hæfilegt til að tryggja áframhaldandi góðan ásetning á þessu svæði. Hér er líklega að finna ein jafn bestu uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði í árkerfinu öllu og jafnframt jafnasta nýtingu uppeldisskilyrða milli ára.

Ólaxgenga svæði Urriðaár er nú nánast seiðatómt, en það svæði hefur að líkindum skilað þokkalegri framleiðslu 2 + gönguseiða sumarið 1994. Hinsvegar vantaði nær alveg 2 + seiði á laxgenga svæðið 1993 og þar hefur gönguseiðaframleiðsla því orðið óveruleg sumarið 1994. Í rafveiðunum nú veiddust væn 2 + seiði í töluverðu magni og því er útlit fyrir góða útgöngu af þessum kafla næsta sumar.

Í laxgenga hluta Steinstaðaár fannst aðeins einn árgangur laxaseiða, úr klaki 1993 (1 + 1994), sem er líklega úr hrygningu í ánni sjálfri. Vöxtur seiða er góður en framlag árinna til gönguseiðaframleiðslu verður þó líklega óverulegt þar til 1996.

Miðfjarðará - Yfirlit

Allt bendir til að gönguseiðaframleiðsla Miðfjarðarár hafi verið með albasta móti sumarið 1994, að verulega muni draga úr henni aftur sumarið 1995, einkum þó farman til. Svæði fyrir neðan Grjóthyl og laxgengi hluti Urriðaár ætti þó að skila góðri framleiðslu 1995.

Engum seiðum hefur verið sleppt á ólaxgeng svæði Urriðaár síðan 1992, en þar eru uppeldisskilyrði góð fyrir um 3000 seiða sleppingu annað hvert ár.

LOKAORD

Veiðin sumarið 1994 olli miklum vonbrigðum. Stórlaxaveiðin varð langt undir því sem gert var ráð fyrir, þriðja árið í röð, en varð þó hlutfallslega betri en árið á undan. Það er mikilvægt að reyna að átta sig betur á hvaða þættir hafa mest áhrif á kynþroskaákvörðun í sjó og hvort hægt sé að hafa áhrif á hana. Stórlaxinn var hinsvegar sá vænsti sem sem sést hefur í Miðfjarðaránum í a.m.k. 20 ár, sem bendir til að fæðuskilyrði fyrir lax hafi almennt farið batnandi. Mín tilgáta er sú að með batnandi vaxtarskilyrðum í hafinu aukist hlutfall stórlaxa. Það kemur í ljós sumarið 1995 hvort þessi tilgáta stenst.

Smálaxaveiðin hefur einungis þrisvar sinnum orðið lakari síðust tvo áratugina. Endurheimtur úr gönguseiðasleppingum frá 1993 voru óvenju lágar, en líkur eru á að þær sleppingar eigi eftir að skila tiltölulega háu hlutfalli stórlaxa sumarið 1995. Merkingar viltra seiða í Núpsá sýna að heimtur náttúrulegra seiða voru einnig í lægri kantinum. Smálaxinn var einnig með smærra móti, sem skýrist af því hve seint seiðin gengu til sjávar sumarið 1993. Það dugði ekki til að seiðin sem þá gengu til sjávar voru óvenju stór. Vera má að þau hafi misst af besta fæðutímanum í sjónum og því ekki náð nægilegri stærð fyrir fyrsta vetur til að geta vaxið vel við kaldari skilyrði. Það hve smár smálaxinn var ætti að hafa áhrif í sömu átt og batnandi fæðuskilyrði fyrir laxinn í sjónum og enn auka líkurnar á tiltölulega háu hlutfalli stórlaxa sumarið 1995.

Sumarið 1994 var óvenju gott, þótt vorið hafi ekki komið snemma. Gönguseiði fóru þó út á eðlilegum tíma og allt bendir til að gönguseiðaframleiðsla hafi orðið mjög góð, einkum á ólaxgengum svæðum Austurár og Núpsár, framan til í Vesturá og í Miðfjarðará, þar sem gönguseiðaframleiðslan varð líklega sú besta síðan kerfisbundnar athuganir á seiðastofnum árinna hófust fyrir áratug síðan. Ég met það svo að gönguseiðaframleiðslan hafi orðið betri sumarið 1994 en sumrin 1990-92, en gönguseiðaárgangar þessara ára gáfu 800-1000 smálaxa veiði ári síðar. Verði stanganýting í Miðfjarðaránum eðlileg sumarið 1995 má því búast við að heildarveiðin batni verulega og að hún gæti orðið betri en í meðalári.

Tafla 1. Heimtur í stangveiði af örmerktum gönguseiðum slepptum í Miðfjarðará 1992 og 1993

Staður	Fjöldi seiða	Fjöldi veiddra laxa		Heildarheimtur %
		smálax	stórlax	
<u>1992</u>				
Núpsá	2504	38	5	1.7
Miðfj.ós	2509	25	4	1.2
Vesturá	2502	33	8	1.6
Núpsá (villt)	1334	19	6	1.9
<u>1993</u>				
Núpsá	2010	11	-	0.5
Miðfj.ós	2014	7	-	0.3
Vesturá	2007	12	-	0.6
Núpsá (villt)	1818	18	-	1.0

Að auki veiddist einn lax úr sleppingu í ós 1993 í Laxá í Refasveit og einn lax úr merkingu villtra seiða í Núpsá var tekinn í Hraunsfirði. Einn smálax úr sleppingu í Kollafirði 1993 veiddist í Miðfjarðará. Merki úr tveimur smálöxum voru ólæsileg og merki fundust ekki í tveimur veiðiuggaklipptum smálöxum.

Tafla 2. Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri og veiðistað í rafveiðum í ánum í Miðfirði 21.-25. júlí 1994.

<u>Núpsá</u> Stöð nr.	Stærð m ²	Fjöldi veiddra laxaseiða á 100 m ²			
		0+	1+	2+	3+
1	50x5	-	2.8	-	-
2	50x5	-	6.0	-	-
3	50x5	-	6.0	-	-
4	60x4	-	5.4	-	-
5	50x7	-	-	2.3	-
6	50x5	-	-	2.0	-
7	50x6	-	-	0.7	-
8	60x7	-	1.9	3.1	0.2
9a	50x10	-	2.2	0.4	-
11	30x14	-	1.7	10.7	1.0
12	30x15	-	11.3	0.2	0.7
12a	50x12	0.2	5.7	0.5	-
13	30x15	0.9	11.1	0.9	-
14	35x12	-	3.6	4.0	0.5

<u>Austurá</u> Stöð nr.	Stærð m ²	Fjöldi veiddra laxaseiða á 100 m ²			
		0+	1+	2+	3+
3	50x10	2.6	0.2	0.2	-
4	50x20	-	0.2	1.1	-
4a	30x10	0.7	3.0	1.3	-
5	50x8	-	9.0	0.5	-
6	45x8	-	7.2	-	-
7	65x6	0.3	12.1	-	-
8	40x20	-	5.8	1.3	-
9	40x20	-	2.5	1.3	-
10	50x10	-	1.0	1.0	0.4

<u>Þorvaldsá</u> Stöð nr.	Stærð m ²	Fjöldi veiddra laxaseiða á 100 m ²	
		1+ss	
1	50x5	9.2	
2	50x4	10.0	


<u>Vesturá</u> Stöð nr.	Stærð m ²	Fjöldi veiddra laxaseiða á 100 m ²			
		0+	1+	2+	3+/4+
2	30x10	-	10.3	1.3	0.3
2a	40x10	-	10.0	0.8	1.3
3	30x8	-	5.8	-	-
4	25x15	1.3	3.2	1.3	4.0
5	37x13	0.2	4.4	0.2	1.2
6	55x10	0.7	5.6	0.5	3.1
7	33x12	-	8.8	2.0	3.0
8	33x8	-	11.0	2.7	3.0
9	30x15	0.2	11.8	4.9	4.0
10	35x15	1.0	5.9	0.2	3.6
10a	20x12	-	9.6	-	2.9
11	35x15	0.4	5.7	2.1	1.3
12	50x8	-	2.8	2.0	0.8

<u>Þverá</u> Stöð	Stærð m ²	Fjöldi veiddra laxaseiða á 100 m ²	
		2+ss	
1	60x5	1.3	


<u>Miðfjarðará</u> Stöð nr.	Stærð m ²	Fjöldi veiddra laxaseiða á 100 m ²		
		1+	2+	3+
1	60x12	2.1	0.3	0.4
2	50x15	3.1	0.3	-
3	50x10	3.8	4.4	0.2

<u>Steinsstaðá</u> Stöð nr.	Stærð m ²	Fjöldi veiddra laxaseiða á 100 m ²	
		1+	
3	35x4	22.1	


<u>Urriðá</u> Stöð nr.	Stærð m ²	Fjöldi veiddra laxaseiða á 100 m ²		
		1+	2+	3+
2	40x6	14.2	8.3	0.4




Mynd 1. Hlutfallsleg skipting gönguseiðaárganga í Miðfjarðará í eins og tveggja ára laxa úr sjó á árunum 1973-1992. Línan er dregin þar sem sami fjöldi stórlaxa veiðast eitt árið eins og fjöldi smálaxa árið á undan. Gönguseiðaárgangurinn frá 1973 skilaði hæstu hlutfalli stórlaxa, en 1991 árgangurinn því lægsta.




Mynd 2. Yfirlitskort af vatnsvæði Miðfjarðarár. Rafveiðistaðir 21-27/7 1994 eru merktir inn á kortið.




Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Miðfjarðaránnur 21-25/7 1994.



Mynd 3. Framhald



Mynd 3. Framhald.



Mynd 3. Framhald.